

Ársfundur VIRK 2014



Verum VIRK – Starfsemi VIRK á liðnu ári og áherslur til framtíðar

Vigdís Jónsdóttir – framkvæmdastjóri

Dagskrá

1. Hlutverk, framtíðarsýn og gildi
2. Umfang og þjónusta
3. Einstaklingar í þjónustu
4. Árangur og ávinningur
5. Fagleg þróun og mikilvægi samþættingar og samvinnu



Hlutverk VIRK

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnupátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.




Framtíðarsýn

til 2020

- **VIRK** hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi þar sem dregið hefur verulega úr nýgengi á örorku.
- **VIRK** byggir á gagnreyndri þekkingu, rannsóknum og reynslu sem tryggir samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar.
- **VIRK** hefur í samvinnu við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir unnið að því að ryðja úr vegi hindrunum gegn aukinni atvinnupátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu.
- **VIRK** er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Gildi

- Fagmennska
- Virðing
- Metnaður



Umfang starfseminnar

- 24 starfsmenn á skrifstofu VIRK í um 22 stöðugildum
- 46 ráðgjafar eru starfandi samkvæmt samningum við stéttarfélög um allt land
- Um 35 sérfræðingar eru í sérhæfðum matsteymum í Reykjavík, á Akureyri og á Austurlandi
- Samningar eru til staðar við fjölda úrræðaaðila um allt land
- Þjónustan er dreifð, víðtæk, viðkvæm og krefst samstarfs og samvinnu við flestar stofnanir og fagaðila velferðarkerfisins



Þjónusta á vegum VIRK



Byggir á samningum við mismunandi fagaðila um allt land.....



Ráðgjafar

Úrræðaaðilar

Þverfaglegt mat

..... og góðu samstarfi við fagaðila og stofnanir innan velferðarkerfisins.

Ráðgjafar VIRK




Þverfagleg þjónusta

- Þverfagleg aðkoma að málum er tryggð á öllum stigum starfsendurhæfingarferils
- Í takt við þekktar aðferðir og niðurstöður rannsókna um árangursríka nálgun í starfsendurhæfingu
- Þverfagleg matsteymi eru til staðar á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og á Austurlandi. Einnig er unnið að því að byggja upp slíkt teymi á Reykjanesi
- Fagaðilar í þverfaglegum teymum eru læknar, sjúkráþjálfarar, iðjuþjálfar, sálfræðingar og félagsráðgjafar
- Unnið er að því að bæta við matsteymin sérstökum fagaðila í vinnumarkaðsfræðum



Mikið samstarf við úrræðaaðila um allt land

Skipting útgjalda vegna aðkeyptrar þjónustu frá úrræðaaðilum



Samstarf innan velferðarkerfisins

Áhersla á gott og markvisst samstarf við aðrar stofnanir og fagaðila innan velferðarkerfisins:

- Reglubundnir fundir á heilsugæslustöðvum um allt land
- Reglulegir fundir með sérfræðingum á Reykjalundi
- Reglubundnir fundir með geðdeildum LSH á Hringbraut og Kleppi
- Ráðgjafi með fasta viðveru á Hvítabandinu og Kleppi
- Mikið samstarf við geðdeild LSH á Laugarási
- Verið að byggja upp markvisst samstarf við Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og Félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar
- Unnið að því að byggja upp markvisst samstarf við STARF og Vinnumálastofnun

Einstaklingar í þjónustu



Þjónusta fyrir hverja?

- Grunnforsenda er að til staðar sé **heilsubrestur sem skerðir starfsgetu viðkomandi einstaklings**
- Þjónustan miðar að því að **auka vinnugetu** og er ætluð þeim sem **stefna aftur á vinnumarkað**
- Einstaklingur þarf að hafa bæði **vilja** og **getu** til að taka fullan þátt í þjónustunni og fara eftir þeirri áætlun sem gerð er



Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða


Fjöldi einstaklinga

- Ríflega 6000 einstaklingar hafa komið til VIRK frá upphafi og tæplega 3000 einstaklingar hafa lokið þjónustu
- Um 2100 manns eru í þjónustu á vegum VIRK í dag
- Um 65% konur og 35% karlar
- Um 50% fleiri einstaklingar leituðu til VIRK í vetur samanborið við síðasta vetur
- Að meðaltali leita um 40-50 nýir einstaklingar til ráðgjafa VIRK í hverri viku
- Langflestir þessara einstaklinga glíma við alvarlegan og margþættan vanda




Hvaðan koma einstaklingarnir?

Framfærslustaða einstaklinga í upphafi þjónustu
Hjá einstaklingum sem leituðu til ráðgjafa VIRK á árunum 2012-2013



Ástæður fjarvista

Mat einstaklinga á ástæðum fjarvista frá vinnumarkaði



Árangur og ávinningur




Framfærslustaða í lok þjónustu

Reiknað í stöðugildum

Framfærslustaða einstaklinga við lok þjónustu hjá VIRK

Hjá um 2800 einstaklingum sem hafa lokið þjónustu



Framfærsla í lok þjónustu




- 74% útskrifaðra **einstaklinga** eru annað hvort í launuðu starfi, atvinnuleit eða í lánshæfu námi við lok þjónustu hjá VIRK
- Einstaklingar sem útskrifast á fullan örorkulífeyri frá VIRK hafa oft starfsgetu að hluta en núverandi framfærslukerfi letur þessa einstaklinga til þátttöku á vinnumarkaði
- Árangur VIRK hvað varðar aukningu á starfsgetu einstaklinga er því í raun mun betri en framfærslutölur gefa til kynna

Það borgar sig að koma snemma að málum!

Framfærslustaða við komu til ráðgjafa <i>Að lágm. 50% framfærslunnar kemur frá neðangreindum þáttum í upphafi þjónustu</i>	Hlutfall stöðugilda við lok ráðgjafar			
	Í launaðri vinnu	Í atvinnuleit	Á námslánum	Samt. með vinnugetu
Laun í veikindum	71%	7%	2%	80%
Atvinnuleysisbætur	45%	29%	4%	78%
Sjúkrasjóður stéttarfélaga	44%	18%	3%	65%
Engar tekjur	43%	16%	4%	63%
Endurhæfingarlífeyrir	30%	11%	3%	44%
Fjárhagsaðstoð	17%	12%	0%	29%
Örorkulífeyrir	24%	1%	1%	26%

Hvað finnst notendum um þjónustu VIRK?


Mat einstaklinga á stöðu sinni í upphafi og lok þjónustu
Á kvarðandum 0-10



Árangursrík starfsendurhæfing skilar miklum ávinningi!

Fjárhagslegur ávinningur af árangursríkri starfsendurhæfingu einstaklings

Mismunandi forsendur um aldur og mánaðarlaun. Núvirt miðað við 3,5%



Það njóta margir ávinnings af árangursríkri starfsendurhæfingu!

Einstaklingar	• Þátttaka • Fjárhagslegt sjálfstæði • Aukin lífsgæði • Félagsleg tengsl og staða
Atvinnurekendur	• Aukin þátttaka á vinnumarkaði • Minni og styttri fjarvistir vegna veikinda og slysa • Aukin framleiðni • Varðveisla á þekkingu og reynslu
Velferðarkerfið, þ.m.t. sjúkrasjóðir og lífeyrissjóðir	• Lægri bótagreiðslur • Minni kostnaður og minna álag í heilbrigðis- og félagskerfi • Aukin þjónusta við félagsmenn/lífeyrisþega/skjólstæðinga • Aukin fjölbreytni í framboði mismunandi úrræða
Samfélagið	• Aukin starfsgeta vinnuafls – mikilvæg forsenda vaxtar í samfélagi þar sem meðalaldur fer hækkandi

Fagleg þróun og mikilvægi sambættingar og samvinnu



Hvað skilar árangri í uppbyggingu á starfsendurhæfingarpjónustu?



95% þeirra sem eru fjarverandi vegna veikinda snúa aftur til vinnu innan 20 daga

Einfaldar ráðleggingar og áhersla á að halda góðu sambandi við vinnustað er árangursríkt á fyrstu 4-6 vikunum í veikindum

Starfsendurhæfing er árangursrík 4-6 vikum eftir að einstaklingur hættir að vinna vegna veikinda

Minna afl í snemmbæru inngripi – meira afl þegar líður á

Þverfagleg aðkoma 3-6 mánuðum eftir að einstaklingur hættir að vinna vegna veikinda

Fagleg þróun hjá VIRK




Tekur mið af niðurstöðum rannsókna og reynslu bæði hérlandis og erlendis:

- Mat á raunhæfi starfsendurhæfingar
- Þverfagleg rýni í upphafi ferils
- Þverfaglegt mat eftir þörfum í öllu ferlinu
- Unnið að því að straumlínulaga og einfalda alla ferla
- Uppbygging á gæðakerfi og stefnt að vottun
- Áhersla á áhugahvetjandi samtalstækni fyrir ráðgjafa
- Sérstök þróun og úrræði til að mæta einstaklingum með langvinn geðræn vandamál
- Uppbygging á heildstæðu, faglegu starfsendurhæfingarferli sem felur í sér bæði mat á þörfum í starfsendurhæfingu og mat á getu til starfa

Þróun á starfsgetumati hjá VIRK byggir m.a. á:

- Skýrslu faghóps um matsaðferðir (skipaður af Bollanefndinni) frá 2009
- AMA Guides to the Evaluation of Permanent Impairment, 6th ed.
- EUMASS kjarnasafn
- Mat hjá Forsákringskassan, Svíþjóð
- DASi, Disability assessment structured interview
- Egenvurdering hjá NAV í Noregi
- Samstarfi við Rauland, þekkingarsetur um endurhæfingu í Noregi
- Samstarfi við Sören Brage hjá NAV í Noregi
- Samstarf við ICF Research Branch í Sviss
- Samstarfi við Wout De Bohr hjá UWV í Hollandi
- Samstarfi við um 60 sérfræðinga hérlandis og erlendis undanfarin 5 ár

Að meta getu til starfa




Starfsgeta snýst ekki eingöngu um einstaklinginn sjálfan heldur einnig um möguleika og tækifæri í síbreytilegu umhverfi

- Krefst breytinga á matskerfi, matsferlum og breyttra viðhorfa og hugsunar í samfélaginu
- Kallar á aðra nálgun víða innan velferðarþjónustunnar

Aukum ábyrgð í heildstæðu ferli með skýrri stefnumótun og framtíðarsýn


Mismunandi framfærsla og framfærsluaðilar í ferlinu:

Laun hjá atvinnurekanda - dagpeningar hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga - endurhæfingarlífeyrir frá TR





Fyrstu vikur í veikindum:

Samvinna einstaklings, heilbrigðiskerfis og vinnustaðar



Eftir 4-6 vikur í veikindum:

Starfsendurhæfing í samstarfi við vinnustað og heilbrigðiskerfi



Starfsgetumat í lok starfsendurhæfingarferils þar sem eftirfarandi spurningum er svarað:

- Er starfsendurhæfing fullreynnd?
- Ef svo er – hver er starfsgetan?




Ákvörðun um örorkulífeyri

Hjá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóðum

Flestir fara í vinnu einhverntíman í ferlinu

Aukum samþættingu og samvinnu innan velferðarkerfisins

- Mikilvægt er að fjarlægja kerfislægar hindranir eins og kostur er til að starfsendurhæfing skili enn betri árangri
- Auka þarf samþættingu og samvinnu innan velferðarkerfisins
- Styðja þarf einstaklinga til sjálfshjálpar á öllum þjónustustigum
- Skýra þarf ábyrgð og skyldur einstaklinga, framfærsluaðila og þjónustuaðila í heildarferli þar sem ólíkir aðilar vinna saman að sama markmiði
- Kallar á skýra stefnu og áætlun um aukna samþættingu og samstarf ólíkra aðila um allt land



Verum virk  vinnum saman

Ársfundur VIRK 2014



www.virk.is

 **VIRK**
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR